



Stjórnarfundur Þekkingarseturs 30. ágúst 2012 kl. 10:00

Mættir voru Arnar Þór Sævarsson, Þóra Sverrisdóttir, Jóhanna Halldórsdóttir, Erla Björk Örnólfsdóttir, Valgarður Hilmarsson, Elín Sigurðardóttir, Katharina Schneider og Gunnar Tryggvasson.

Fundarstjóri var Arnar og fundarritari Gunnar.

Dagskrá :

- 1 Skipulag húsnæðis
- 2 Námsver
- 3 Nafnabreyting
- 4 Stefnumótun
- 5 Ráðning starfsmanna
- 6 Önnur mál

1) Rætt var um skipulag húsnæðis í Kvinnaskólanum. Sértaflega var til umræðu aðstaða í suðurenda kjallara sem hentar til námsvers. Su ákvörðun lyggur ekki fyrir þar sem Bygðarsamlag hefur ekki tekið erindið fyrir. Katharina taldi gistiaðstöðu ekki mikilvæga fyrir Þekkingarsetur eins og er veerði það til hækkunar á leigu og öðrum útgjöldum fyrir setrið.

2) Málefni námsvers voru rædd og þá helst hver ætti að taka kostnað af væntanlegu námsveri í húsinu. Núverandi fyrirkomulag er kostað að sveitarfélögum en til umræðu að færa þann kostnað á Þekkingarsetur sem hlutua að eflingu háskólanáms og aðstöðu. Leiguverð fyrir námsver á eftir að fara í gegnum bygðarsamlag og verður þá þessi kostnaður skoðaður í framhaldinu. Rætt var um stöðugildi við eflingu háskólanáms og umsjón með námsveri. Laggt var til að það væri 50% eða kynningarstarf 25% og umsjón og yfirseta í námsveri 25%. Áætlað var á ráð starfsmann vegna námsvers fyrir áramót en nánari útfærsla kemur eftir stefnumótunarfund.

3) Katharina greindi þeim hugmyndum að ráðuneytið vildi hafa Þekkingarsetur eða nafns sem vísar beint til þess orðalags. Ekki var talið jákvætt frá ráðuneytinu að setja á fornafn vegna flokkunar. Ákveðið var að halda upphaflegu nafni. Katharina kom með tillögu um að nota TSB.IS sem lén fyrir Þekkingarsetur sem var samþykkt. Næstu skref er að koma upp vefsíðu með kynningarefni.

4) Katharina greindi frá því að stefnumótunarfundur yrði mánudaginn 24. september kl. 14:00. Fundurinn verður haldinn í fundarsal Blöndustövar. Rætt var um að auka þátttakendur á stefnumótunarfundi. Katharina greindi frá grófum drögum að skipuriti sem enn vinnuskjal. Skipuritið er hugsað sem drög fyrir stefnumótun. Þar er Þekkingarsetri skipt upp í Safnasvið, Rannsóknir og kennsla og Þekkingarsvið. Arnar ræddi um að auka þátttakendur í stefnumótun. Ákveðið var stækka hópinn ekki um of og bjóða einungis Þórarinn starfsmann í Mennta- og menningarmálaráðuneyti á stefnumótunarfundinum. Ákveðið var að tala við Guðmund S. Pétursson um tímalegnd á stefnumótunarfundinum. Fundartíminn kl. 13 er settur þar sem húsnæðið í Blönduvirkjun er ekki laust fyrir hádegi. Heppilegra var talið að byrja fyrir til að hafa aukátíma ef fundurinn verður legni. Ef fundur verður mögulega lengur en 4 tímar þarf að finna nýjan stað fyrir fundinn til að geta hafið fund kl. 10:00. Starfsmönnum falið það kanna þessi atriði.

5) Katharina greindi frá viðræðum við Hólaskóla vegna ráðningarfyrrkomulag á Cat. Katharina sagði frá módeli á Selasetri sem eru sambærilegt þess sem stefnt er á hér. Katharina fór yfri drög að samning sem hún og Erla Björk hafa verið að vinna að milli Þekkingarmiðstöðvar og Háskólans á Hólum. Rætt var um launagreiðslur til starfsmanns og hvaða hlutfall ætti að vera þar á. Valgarð fór yfir mikilvægi samstarfs við háskóla og þá sérstaklega samstarfs við Háskólans á Hólum. Ákveðið varað fresta endanlegri afgreiðslu á samning til næsta stjórnarfundar.

6) Katharina dreifið drögum að samningu við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og kynnti áform um fund í ráðuneyti á næstu dögum. Ákveðið að halda næsta stjórnarfiund þriðjudaginn 18. september kl. 16:00

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið.